



Borgarráð

Umsögn við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um upplýsingar um hversu víða asbest sé til staðar í skólum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar og faglegu mati á því hvort hættu geti stafað af því.

Þann 24. maí, 2018 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

"Óskað er eftir upplýsingum um hversu víða asbest er til staðar í skólum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar og faglegu mati á því hvort hættu geti stafað af því. Ábendingar hafa komið fram um að slíkt efni sé að finna í einhverjum leikskólabygggingum. Rétt er að kannað verði hvar asbest er að finna, meta hættu á hugsanlegri mengun og kanna möguleg úrræði á faglegan og öruggan hátt í samráði við viðeigandi sérfræðinga. Í janúar 2016 óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði eftir upplýsingum um hvort og hversu víða asbest væri til staðar í skólum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar og faglegu mati á því hvort hættu gæti stafað af því. Í svari umhverfis- og skipulagssviðs um málið kom fram að ekki hafi farið fram sérstök skoðun eða úttekt á því hvar asbest sé til staðar. Í svari Heilbrigðiseftirlitsins við fyrirspurn Félags foreldra leikskólabarna um málið kemur fram að heilbrigðiseftirlitið hafi hvorki almennar upplýsingar um asbest í leikskólum borgarinnar né hafi athugað það almennt."

Ekki hefur verið talin ástæða til þess að gera samantekt á því hve víða asbest sé að finna í Reykjavík vegna þess að óhreyft asbest er skaðlaust. Oft er ekki hægt að skera úr um hvort asbest sé til staðar nema taka sýni úr byggingarefninu. Slíkt hefur hættu í för með sér þar sem þá er lokun efnisins rofin og ætti slíkt einungis að vera gert þegar byggingar og eða svæði innan þeirra eru aflokuð líkt og gert er þegar viðhaldsframkvæmdir og breytingar eru framkvæmdar. Í öllum eldri húsum borgarinnar er kannað á hverjum stað fyrir sig hvort asbest sé til staðar áður en framkvæmdir hefjast. Allar framkvæmdir, viðgerðir eða niðurrif fara fram samkvæmt ströngum reglum um meðhöndlun asbests.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Svar Umhverfis- og skipulagssviðs 18. maí 2016



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 18. maí 2016

USK2016030054

8.0

Skóla- og frístundaráð

Efni: Asbest í Skólum og frístundaheimilum í Reykjavík.

– Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði dags. 27. janúar 2016 - Tilvísun í mál SFS2016010161

Framkvæmda- og viðhaldsaðilar á vegum borgarinnar eru meðvitaðir um að það getur verið að finna asbest í eldra húsnæði á vegum borgarinnar. Allar framkvæmdir, viðgerðir eða niðurrif fara fram samkvæmt reglum þar um.

Ekki hefur farið fram sérstök skoðun eða úttekt á því hvar asbest er til staðar, en í öllum eldri húsum er það kannað á hverjum stað áður en framkvæmdir hefjast.

Almennt er það svo að þar sem asbest er til staðar er það ekki hættulegt ef það er lokað af, t.d. málað og ekki verið að vinna við það eða raska á einhvern hátt.

Ef einhver vinna fer fram í byggingum þar sem er asbest, er það framkvæmt af viðurkenndum aðilum sem hafa fengið vottun frá Vinnueftirliti ríkisins.

Ekki er hættu af asbesti í byggingum þar sem það er látið óhreyft. Mikill kostnaður fylgir því að kanna hvort asbest er eldri húsum borgarinnar, og ekkert víst að allt asbest finnist, þó það sé til staðar.

Best er að kanna það ef að einhverjar framkvæmdir eða breytingar eru fyrirhugaðar í eldri byggingum.

Agnar Guðlaugsson,
skrifstofu framkvæmda og viðhalds